

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 10. maí 2021

**Mál nr. E-4312/2020:**

**DS lausnir ehf.**

*(Halldór Þorsteinn Birgisson lögmaður)*

**gegn**

**Lindarvatni ehf.**

*(Jóhannes Árnason lögmaður)*

Mál þetta, sem dómtekið var 20. apríl síðastliðinn að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af DS lausnum ehf., Breiðhelli 22, Hafnarfirði á hendur Lindarvatni ehf., Reykjavíkurflugvelli, Reykjavík með stefnu áritaðri um birtingu 26. júní 2020.

## **Dómkröfur:**

Stefnandi gerir þá kröfu að stefnda verði gert að greiða 11.848.000 kr. með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af 1.128.400 kr. frá 08.12.2018 til 05.01.2019, af 2.256.800 kr. frá 05.01.2019 til 18.01.2019, af 2.821.000 kr. frá 18.01.2019 til 07.03.2019, af 3.949.400 kr. frá 07.03.2019 til 06.04.2019, af 5.077.800 kr. frá 06.04.2019 til 06.05.2019, af 6.206.200 kr. frá 06.05.2019 til 09.06.2019, af 7.334.600 kr. frá 09.06.2019 til 17.07.2019, af 8.463.000 kr. frá 17.07.2019 til 17.08.2019, af 9.591.400 kr. frá 17.08.2019 til 17.09.2019, af 10.719.800 kr. frá 17.09.2019 til 19.10.2019, en af stefnufjárhæð, 11.848.200 kr., frá 19.10.2019 til greiðsludags.

Þá gerir stefnandi kröfu um að viðurkennt verði með dómi að stefnda beri að greiða stefnanda leigu fyrir byggingarkrana af gerðinni Comansa 11L150, 910.000 kr. á mánuði auk vsk., fyrir tímabilið 01.09.2019 til 15.04.2020.

Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti á málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda, að skaðlausu að mati dómsins, auk virðisaukaskatts.

## **Helstu málsatvik og ágreiningsefni:**

Stefndi, Lindarvatn ehf., stendur að byggingu hótels í miðbæ Reykjavíkur, en þar er stefndi að breyta eldri byggingu, svonefndu Landsímahúsi og byggja ný hús sem saman eiga að mynda nýja hótélbyggingu á reitnum. Stefndi er eigandi þessa byggingarverkefnis og stendur fyrir þessum framkvæmdum.

Stefndi gerði samning við fyrirtækið BEKA ehf. um verk- og byggingarstjórnun þessara framkvæmda 19. febrúar 2018. Í lok október þess sama árs lauk því samningssambandi aðila og THG arkitektar ehf. tóku við stjórn verkefnisins.

Óumdeilt er að meðal þess sem BEKA ehf. gerði í þágu stefnda meðan á samningssambandi þeirra stóð, var að afla tilboða í leigu eða kaup á byggingarkrönum vegna fyrrgreindra framkvæmda og að leitað var til þriggja aðila til þess að gera tilboð samkvæmt þeim þörfum sem BEKA taldi að væru fyrir hendi varðandi kranamál á byggingarreitnum.

Stefnandi sendi starfsmanni BEKA tilboð þann 26. júlí 2018, þar sem tilgreint var leiguverð fyrir þrjá krana af þeim gerðum sem óskað hafði verið eftir og miðaðist tilboðið við 18 mánaða leigutíma að lágmarki. Daginn eftir, 27. júlí 2018, sendi BEKA framkvæmdastjóra stefnda, Jóhannesi Stefánssyni, minnisblað varðandi verð á kaupum eða leigu á krönum og lagði til að leigðir yrðu krana af stefnanda og viðræðum um það haldið áfram við stefnanda.

Með tölvupósti dagsettum 2. ágúst 2018 veitti framkvæmdastjóri stefnanda, Jóhannes Stefánsson, BEKA „umboð til að útbúa samning“ við stefnanda um leigu á krönum til verksins, en óskaði þess sérstaklega að athugað yrði hvort stefndi væri tilbúinn að lækka verðið eitthvað fyrst. Snýst ágreiningur málsins fyrst og fremst um það hvort í þessum tilmælum hafi falist umboð stefnanda til Beka ehf. til að ljúka samningum um kranaleigu við stefnanda án frekari aðkomu framkvæmdastjóra eða stjórnar stefnda. Óumþrætt er að ekki var ritað undir samning um leigu á krönum við stefnanda.

Stefnandi átti í framhaldi af ofangreindu í samskiptum við BEKA um leiguna og framkvæmdir tengdar því, m.a. uppsetningu fyrsta kranans og aukins kostnaðar sem af því hlaut vegna aðstæðna á byggingarreitunum sem hafði í för með sér hækkun á leiguverði úr 750.000 krónum á mánuði í 910.000 krónur eins og gögn málsins bera með sér.

Sem fyrr segir færðust verkefni BEKA á hendur annars aðila, THG ehf., á haustdögum 2018 og meðal gagna málsins er fundargerð dagsett 20. október 2018 vegna yfirfærslu verkefna milli þessara aðila, rituð af Samúel Guðmundssyni, starfsmanni THG ehf. Í fundargerðinni segir meðal annars að fram hafi komið á fundinum að krani frá DS lausnum væri kominn til landsins og tveir krana á leiðinni. – THG fái til sín leigusamning og taki við málinu.

Af gögnum málsins verður ráðið að stefnandi freistaði þess að afhenda fyrsta kranann til verkefnisins í október 2018. Viðbrögð stefnda við því voru þau að þann 22. nóvember 2018 óskaði framkvæmdastjóri stefnda eftir því við stefnanda að fá sent afrit af leigusamningi. Liggur fyrir að fyrsti kraninn fór aldrei á byggingasvæðið en stefnandi sendi stefnda reikninga vegna leigu á einum krana fyrir tímabilið, frá 15. október 2018 til og með ágúst 2019. Stefndi hafnaði greiðslu þessara reikninga og í framhaldi af því krafðist stefnandi skýringa á því. Í tölvupósti dagsettu 10. janúar 2019 svaraði starfsmaður THG, áður nefndur Samúel Guðmundsson, því til að ÞG verk hefði tekið að sér að leysa málið við stefnanda í umboði THG, en stefndi myndi ekki leigja krana af stefnanda. Tilraunir stefnda til að innheimta kröfu sína báru ekki árangur þar sem stefndi lítur svo á að hann hafi ekki veitt BEKA ehf. umboð til að gera samning við stefnanda um umrædda kranaleigu. Af þeim sökum er ágreiningur þessi til meðferðar dómsins.

#### **Málsástæður stefnanda:**

Stefnandi byggir á því að samningur hafi tekist við stefnanda um leigu á krönum sem stefndi sé bundinn af. Þann samning hafi BEKA ehf. gert í umboði stefnda.

Stefndi hafi iðulega hagað aðfangakaupum í verkið með þeim hætti að gera munnlega samninga, eins og í þessu tilviki. Munnlegir samningar séu jafngildir skriflegum samningum og stefnandi hafi axlað sönnunarbyrði sína um að slíkur samningur hafi tekist með framlögðum gögnum um samskipti við stefnanda um gerð tilboðs, fundargerð frá yfirtökufundi THG og framburði vitna.

Enginn efnislegur ágreiningur sé um efni þess samnings, sem hafi verið í samræmi við framlögð skjöl frá stefnanda um verð á krönum, þ.e. um 910.000 krónur á mánuði í að lágmarki 18 mánuði fyrir einn krana eins og þann sem stóð stefnanda til boða. Breyting á leiguverði hafi orðið vegna vandamála við uppsetningu kranans á þeim stað sem hann átti að standa, þar sem ekki hafi verið unnt að steypa hann niður. Sú breyting hafi verið orðin ljós í ágústmánuði 2018.

Hvað varðar umboð BEKA til að gera samning við stefnanda um umþrætta leigu, byggir stefnandi á því að slíkt umboð hafi ótvírætt verið til staðar. Ekki hafi verið sérstök þörf á staðfestingu stjórnar til þess að samningur hefði tekist. Fundargerðir stjórnar beri með sér að málið hafi aldrei verið á borðum stjórnar á þeim tíma sem samskipti milli framkvæmdastjóra og BEKA hafi verið um málið. Málið hafi í reynd verið alfarið á hendi framkvæmdastjóra. Þá hafi framkvæmdastjóri stefnda ekki hreyft neinum andmælum á fundi þar sem verkefni færðust milli verkefnastjóra 20. október 2018, þrátt fyrir að þar hafi verið bókað sérstaklega um leigusamning við stefnanda. Andmæli framkvæmdastjóra hafi fyrst komið fram mánuði síðar, þegar ljóst hafi verið að ekki stóð

til að nota krana frá stefnanda. Þá hafi umboðsskorti BEKA ekki verið hreyft af hálfu stefnda fyrr en í greinargerð fyrir dómi.

Þá byggir stefnandi á því að verkframkvæmdirnar hafi verið á forræði BEKA, samkvæmt samningi stefnda við félagið. Heimildir BEKA hafi verið víðtækar og óvenjulegar þar sem BEKA var hvort tveggja í senn verk- og byggingarstjóri verksins. BEKA hafi haft heimild til aðfangakaupa innan ákveðinna marka og samningurinn við stefnanda hafi verið innan þeirra heimilda.

Stefnandi kveðst hafa orðið fyrir tjóni vegna þess tekjumissis sem hann varð fyrir vegna vanefnda stefnda á samningnum og krafa hans miðist við það. Annars vegar sé því krafist greiðslu samkvæmt útgefnum ógreiddum reikningum en hins vegar viðurkenningar á rétti stefnda til greiðslu leigugjalds út það lágmarkstímabil sem leigan skyldi standa, eða í 18 mánuði.

Um lagarök vísar stefnandi til meginreglna samninga- og verktakaréttar og samningalaga nr. 7/1936.

#### **Málsástæður stefnda:**

Stefndi byggir sýknukröfu sín á því að enginn samningur sé til staðar milli stefnda og stefnanda og hafi aldrei verið. Stefndi byggir jafnframt á því að stefnanda, sem sé rótgróið fyrirtæki sem veiti víðtæka þjónustu í byggingariðnaði, sé fullkunnugt um þörf á því að undirrita samninga til að þeir teljist skuldbindandi. Þá virðist stefnandi ekki hafa kynnt sér í hvaða umboði BEKA hafi starfað en stefnanda hafi verið það í lófa lagið.

Þá byggir stefndi á því að hann hafi aldrei samþykkt tilboð frá stefnanda. BEKA hafi verið veitt umboð til að útbúa samning við stefnanda og slíkt umboð geti ekki skuldbundið stefnda með þeim hætti sem stefnandi byggir á. Þá hafi allar forsendur þess tilboðs sem kynnt var framkvæmdastjóra breyst þegar stefnandi hafi farið að senda reikninga vegna leigu á byggingarkrana.

Þá byggir stefndi á því að verkstjórn BEKA hafi verið í formlegu horfi og samkvæmt skriflegum samningi við stefnda. Samkvæmt grein 3.1.2 þess samnings skyldi verkefnastjóri hafa náð samráð við yfirstjórn verkkaupa áður en hann hygðist efna til skuldbindinga í nafni verkkaupa. Þá væri heimild til að skuldbinda verkkaupa háð skriflegu samþykki framkvæmdastjóra, eða í samræmi við reglur stefnda. Stefndi undirgengist samkvæmt þessu ekki skuldbindingar án undirritunar framkvæmdastjóra. Slíkur samningur hafi hvorki verið gerður né hafi slíkt samþykki legið fyrir sem stefnandi geti byggt á.

Þá byggir stefndi á því að upphaflegt tilboð stefnanda hafi verið um leigu á þremur krönum að heildarfjárhæð yfir 80 milljónir króna með vsk. Því hefði verið full þörf á að gera ítarlegan samning og jafnframt að fjalla um hann í stjórn félagsins enda geti slíkur samningur ekki talist venjubundinn rekstur sem framkvæmdastjóri hafi með höndum.

Hvað fjárkröfu stefnanda varðar byggir stefndi á því að stefndi hafi ekki freistað þess að takmarka tjón sitt, þrátt fyrir skyldu sína í því efni. Honum hafi verið tilkynnt eigi síðar en 10. janúar 2019 að stefndi hefði ekki í hyggju að leigja af honum krana en engu að síður geri stefnandi kröfu um leigu fram til 15. apríl 2020. Tjón stefnanda sé ósannað. Kraninn hafi aldrei komið á verkstað en verið í vörslu stefnanda allan tímann.

Um lagarök sérstaklega vísar stefndi til laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, almennra reglna samninga- og kröfuréttar, skuldbindingargildis samninga, brostinna forsendna og trúnaðar- og tillitsskyldna, sem og til laga um meðferð einkamála.

### **Niðurstaða:**

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur Daníel Sigurðsson, framkvæmdastjóri stefnanda, og Jóhannes Stefánsson, framkvæmdastjóri stefnda. Sömuleiðis Árni Helgason, stjórnarformaður stefnda, Bogi Nils Bogason, fyrrum stjórnarmaður stefnda, Helgi Már Björgvinsson og Ólafur Björnsson, stjórnarmenn stefnda, Benedikt Ingi Tómasson, eigandi BEKA ehf., Ingvar Rafn Gunnarsson, fyrrum verkefnisstjóri BEKA ehf., Þorvaldur H. Gissurarson, fyrirsvarsmaður ÞG verks, og Samúel Guðmundsson, starfsmaður THG.

Ágreiningur málsaðila lýtur að því hvort komist hafi á samningur um leigu á byggingarkrana til notkunar á byggingarstað stefnda, með milligöngu verkstjórnanda BEKA ehf. Stefndi telur svo ekki vera, ekki liggi fyrir skriflegur samningur um leigu krananna og BEKA hafi hvorki fengið skriflegt samþykki framkvæmdastjóra til þess að gera téðan samning né hafi samningurinn verið gerður í samræmi við reglur stefnanda.

Í málinu liggur fyrir verksamningur stefnda og BEKA ehf., dagsettur 19. febrúar 2018. Samkvæmt þeim samningi skyldi BEKA ehf. hafa umsjón með og stýra framkvæmdum stefnda við uppbyggingu á Landssímareit í Reykjavík, annars vegar með verkefnastjórn og hins vegar byggingarstjórn. Samkvæmt samningnum skyldi stefndi bera fjárhagslega ábyrgð á verkefninu, þar með talið á greiðslum gagnvart verktökum, hönnuðum og opinberum aðilum, og allir samningar um verkið skyldu gerðir í nafni stefnda og á ábyrgð hans. Í 3. kafla samningsins er nánar fjallað um hlutverk og skyldur BEKA ehf. Í grein 3.1 segir að verkefnastjóri skuli hafa náði samráð við yfirstjórn verkkaupa áður en hann hyggist efna til skuldbindinga í nafni verkkaupa. Heimild til að skuldbinda verkkaupa sé háð skriflegu samþykki framkvæmdastjóra, eða skuli vera í samræmi við reglur Lindarvatns. Í C-lið, ix, greinar 3.1.3 fyrrnefnds samnings, kemur m.a. fram að verksali hafi það hlutverk með höndum við undirbúning verkframkvæmda að ráða verktaka og sjá um samningagerð.

Í starfsreglum stefnda, Lindarvatns, segir í gr. 1.2 að verksvið stjórnar sé að taka allar meiri háttar ákvarðanir, svo sem um fjármögnun, heildarútlit reitsins og kostnaðar-

og framkvæmdaáætlanir skv. gr. 3.2, en í þeirri grein er fjallað sérstaklega um verksvið verkefnastjóra. Þar segir m.a. „Verkefnastjóri gerir drög að kostnaðar- og framkvæmdaáætlunum og leggur fyrir stjórn til staðfestingar. Þegar kostnaðaráætlun hefur verið staðfest getur verkefnastjóri, að höfðu samráði við framkvæmdastjóra eftir því sem ástæða er til, tekið ákvarðanir um framkvæmdir sem rúmast innan kostnaðaráætlunarinnar.“ Í sama ákvæði segir enn fremur „Verkefnastjóri skal leita eftir tilboðum vegna framkvæmdanna frá verktökum sem eru hæfir til að sinna því verki og tekur ákvörðun um við hvaða verktaka skal samið í samráði við framkvæmdastjóra. Að jafnaði skal lægsta tilboði tekið, nema að verkefnastjóri telji annar aðili sé líklegri til að sinna verkinu betur, á styttri tíma eða með hagkvæmari hætti. Sé lægsta tilboði ekki tekið skal verkefnastjóri senda stjórn rökstuðning fyrir því og leita samþykkis stjórnar.“ Loks segir í grein þessari. „Þegar áskilið er samkvæmt þessu ákvæði að leita skuli samþykkis stjórnar er nægjanlegt að verkefnastjóri sendi stjórn tölvupóst og leiti samþykkis hennar þannig.“

Af ofangreindum samningsákvæðum má ljóst vera að BEKA ehf. hafði, í samningssambandi sínu við stefnda, rúmar heimildir. Af ofangreindu verður, að mati dómsins, ekki litið svo á að BEKA ehf. hafi undantekningalaust borið að fá undirskrift framkvæmdastjóra á alla samninga en hafi hins vegar borið að hafa samráð við framkvæmdastjóra og stjórn eftir atvikum. Um slík samskipti í þessu tilviki hafa verið lögð fram ýmis gögn í málinu, tölvupóstasamskipti og fylgigögn með þeim. Þá kvaðst Benedikt Ingi Tómasson, einn eigenda BEKA ehf., í framburði sínum fyrir dómi hafa tekið tilboði stefnanda um að leysa kranamál verkefnisins, en ekki hefði verið undirritaður samningur. Kvaðst hann hafa tekið saman minnisblað sem hefði verið kynnt fyrir stjórn og á grundvelli þess hefði hann gert samning við stefnanda. Mjög mörg úrlausnarefni hefðu verið í þessu sambandi. Kranarnir hefðu átt að standa á kirkjugarði, þar væri heimæð fyrir Mílu, taka hefði þurft mið af aðflugi. Þá hefði kraninn þurft að ráða við að lyfta ákveðnum þyngdum og lausn stefnanda hefði verið sú sem hentaði best þessum aðstæðum. Hann hefði ekki skilið fyrirmæli framkvæmdastjóra um að útbúa samning öðruvísi en þar hefði verið um að ræða umboð til þess að gera samning við stefnanda. Annars vegar hefði þar verið um að ræða upphaflegt tilboð og svo viðbótargreiðslur síðar vegna þess hversu snúið verkefnið hefði verið, en breytingar hefðu verið gerðar á undirstöðum kranans þar sem ekki var hægt að steypa hann niður. Kostnaðurinn hefði verið innan áætlunar, þetta hefði verið nauðsynlegt tæki fyrir framkvæmdirnar og hentað best.

Stjórnarmenn stefnda, sem komu fyrir dóm við aðalmeðferð málsins, könnuðust við að tilboð stefnanda hefði verið rætt á fundum stjórnar sumarið 2018. Aðspurður um það hvort hann hefði séð tilboð stefnanda, kvað Árni Helgason stjórnarformaður, það ekki vanalegt að koma með slík einstök mál fyrir stjórn.

Þá kannaðist Jóhannes Stefánsson, framkvæmdastjóri stefnda, fyrir dómi við þau samskipti sem liggja fyrir í málinu við fyrirsvarsmann BEKA ehf. um samningagerð við stefnanda um kranaleigu og að stefnandi hefði verið með lágsta tilboðið í verkið á þeim tíma. Aðspurður um athugasemd í fundargerð vegna færslu verkefnastjórnar frá BEKA til THG um leigusamning við stefnanda, kvað hann það ekki hafa hvarflað að sér á þessum fundi að þetta hefði einhverja þýðingu, en undraðist að skjalið hefði ratað í gögn dómsmálsins, það væri innanhússkjal. Í framburði Samúels Guðmundssonar, verkefnisstjóra THG fyrir dómi, kom fram að á fyrrnefndum fundi um yfirfærslu verkefnastjórnarinnar til THG 20. október 2019 hefði verið rætt um að krani frá stefnanda væri kominn og sömuleiðis að fyrirtæki hans hefði ætlað að aðstoða stefnanda við að koma krananum í önnur verk.

Í samningarétti gildir sú meginregla að munnlegir samningar eru jafngildir skriflegum. Þá ber sá sem heldur því fram að til samnings hafi stofnast sönnunarbyrði fyrir því að svo hafi verið. Stefnandi hefur í máli þessu lagt fram ýmis gögn sem renna stoðum undir það að samningur hafi tekist við hann um leigu á krönum, þó að aðeins einn hafi verið afhentur og krafa hans varði því aðeins leigu á þeim eina krana. Þar er um að ræða tölvupóstsamskipti milli verkstjórnanda og stefnanda í aðdraganda tilboðs frá stefnanda, þar með talinn tölvupóst frá 26. júlí 2018 sem geymir tilboð stefnanda upp á 750.000 krónur mánaðarlega auk vsk., fyrir einn krana af þeirri gerð sem málið varðar miðað við 18 mánaða lágmarksleigutíma og tölvupóst frá framkvæmdastjóra stefnanda, dags. 2. ágúst 2018, þar sem framkvæmdastjóri veitir BEKA ehf. umboð til að útbúa samning við stefnanda um leigu á krönum til verksins. Sá póstur verður, að virtum þeim heimildum sem verkstjórnandinn BEKA ehf. hafði samkvæmt samningum við stefnda og framburði vitna fyrir dómi, ekki skilinn á annan hátt en þann að heimilt hafi verið að ganga að tilboði stefnanda um leigu á krönum. Með vísan til sömu samninga verður ekki litið öðruvísi á en verkstjórnanda hafi verið heimilt að semja um viðbótarkostnað vegna uppsetningar kranans við stefnanda eins og verkstjórnandi kannaðist við að hafa gert og kvað hafa rúmast innan kostnaðaráætlunar.

Ekki verður fallist á þá málsástæðu stefnda að stefnandi hafi ekki freistað þess að takmarka tjón sitt. Krafa stefnanda varðar einn krana af þremur sem til stóð að leigja stefnanda. Ljóst er af gögnum málsins að um mjög sérhæfðan og sérpantaðan krana var að ræða. Þá kom og fram í skýrslu af Samúel Guðmundssyni, starfsmanni THG, að nýir verkstjórnendur hefðu tekið að sér að freista þess að koma krananum í önnur verk en það ekki tekist. Fullyrðingum stefnanda um að ekki hafi tekist að selja kranann fyrr en í lok apríl 2020 hefur ekki verið hnekk.

Að öllu ofanrituðu virtu, og með hliðsjón af gögnum málsins og framburði vitna fyrir dómi, verður fallist á kröfur stefnanda eins og greinir í dómsorði. Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 400.000 krónur. Við

aðalmeðferð málsins vakti lögmaður stefnanda athygli á því að báðir aðilar málsins væru virðisaukaskattsskyldir og af þeim sökum ekki tilefni til að dæma virðisaukaskatt á tildæmda málflutningsþóknun.

Dómarinn tók við meðferð málsins 7. apríl sl., en hafði fram til þess engin afskipti af meðferð þess.

Bergþóra Ingólfssdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Stefndi, Lindarvatn ehf., greiði stefnanda, DS Lausnum ehf., 11.848.000 kr. með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af 1.128.400 kr. frá 08.12.2018 til 05.01.2019, af 2.256.800 kr. frá 05.01.2019 til 18.01.2019, af 2.821.000 kr. frá 18.01.2019 til 07.03.2019, af 3.949.400 kr. frá 07.03.2019 til 06.04.2019, af 5.077.800 kr. frá 06.04.2019 til 06.05.2019, af 6.206.200 kr. frá 06.05.2019 til 09.06.2019, af 7.334.600 kr. frá 09.06.2019 til 17.07.2019, af 8.463.000 kr. frá 17.07.2019 til 17.08.2019, af 9.591.400 kr. frá 17.08.2019 til 17.09.2019, af 10.719.800 kr. frá 17.09.2019 til 19.10.2019, en af stefnufjárhæð, 11.848.200 kr., frá 19.10.2019 til greiðsludags.

Viðurkennt er að stefnda beri að greiða stefnanda leigu fyrir byggingarkrana af gerðinni Comansa 11L150, 910.000 kr. á mánuði auk virðisaukaskatts, fyrir tímabilið 01.09.2019 til 15.04.2020.

Stefndi greiði stefnanda 400.000 krónur í málskostnað.

Bergþóra Ingólfssdóttir (sign.)